

LÖG

um breytingu á lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað lokamálsliðar 1. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Eigi síðar en 1. apríl ár hvert skal veiðikortshafi skrá og skila þar til gerðri skýrslu um undangengið veiðiár sem telst frá 1. janúar til 31. desember. Ef veiðiskýrslu frá fyrra veiðitímabili hefur ekki verið skilað er útgáfa nýs veiðikorts óheimil. Ef veiðiskýrsla berst eftir lögsmæltan skiladag hækkar gjald fyrir útgáfu nýs veiðikorts í 5.000 kr.
- b. Fyrsti málsliður 3. mgr. orðast svo: Gjald fyrir veiðikort skal vera 3.500 kr. fyrir hvert veiðiár.

2. gr.

Á eftir 2. másl. 9. mgr. 14. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Í því skyni er Umhverfisstofnun rétt að halda námskeið fyrir þá sem vilja gerast leiðsögumenn með hreindýraveiðum. Er Umhverfisstofnun heimil gjaldtaka vegna kostnaðar sem stendur í eðlilegum tengslum við sérhvert slíkt námskeið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2008.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Þórunn Sveinbjarnardóttir.